

Fundur stjórnar Íshokkísambands Íslands
Miðvikudaginn 18. mars 2026, klukkan 17:00
Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður (HP), Jóhannes Ævar Jónsson (JÆJ), Kristján Heiðar Kristjánsson (KHK), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GIB), Vilhelm Bjarnason (VB), Sigrún Agata (SAA), og Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Brynja Vignisdóttir (BV), Pétur Andreas Maack (PM),

Fundargerð síðasta fundar 12. febrúar liggur frammi á samskiptavef stjórnar og bárust engar athugasemdir, fundargerðin var samþykkt.

HP fór yfir sölutölur janúar og febrúar í streymisveitu ÍHÍ og Sportway. Þar kom fram að heildar sala þessa tvo mánuði er 1,8 milljón. Þá á eftir að draga frá bæði VSK og þjónustugjald Sportway en ljóst er að salan er nokkru meiri en ráð var fyrir gert. Í þessu samhengi var rædd aðsókn að úrslitakeppni og er það tilfinning þeirra sem best þekkja að samtals hafi um 1300 manns sótt úrslitakeppni karla. u.þ.b. 700 í Reykjavík á tveim leikjum og um 600 á Akureyri á einum leik.

KHK vildi koma á framfæri óánægju sinni með hversu snúið er að tengja streymið frá sportway sjónarpi. Vantar sárlega app.

Tekið voru fyrir erindi SA vegna

A: Athugasemd vegna lengingu framkvæmdastjóra á leikhlé í úrslitaleik

B: Athugasemd vegna litar á borða á verðlaunapeningum.

A: Nokkur umræða skapaðist innan stjórnar um þetta mál, á sama tíma hefur SR óskað eftir því að fá að lengja leikhlé í úrslitakeppni kvenna. Það er ljóst að ÍHÍ á Íslandsmótið í Íshokki og sem eigandi mótsins er valdið til þess að gera umræddar breytingar liggur hjá stjórn sambandsins og þ.a.l. hjá framkvæmdastjóra. Stjórnin er sammála um að æskilegt sé að svona breytingar séu tilkynntar með lengri fyrirvara til keppnisliða. Af framburði framkvæmdastjóra má ráða að ákvörðun sú sem hann tók í þriðja leik í úrslitum var gerð til þess að forða því að sama staða kæmi upp og gerði í fyrsta leik liðanna í Laugardal en þá lengdist leikhlé um 4 mínútur og leikmenn biðu í lengri tíma eftir inngöngu á svellið. Bæði liðin og dómara fegnu tilkynningu um þessa ákvörðun á sama tíma. Var með þeim hætti gætt jafnræðis.

Á síðustu árum hefur leikhlé verið að styttest úr 20 mínútum niður í 15 mínútur. Stjórn sambandsins vill að aðildarfélög hafi svigrúm til þess að vera með skemmtun fjáraflanir innan þessara leikhléa í úrslitakeppnum. Umræða um það verður tekin við hreyfinguna á komandi formannafundi.

Beiðni SR vegna úrslitakeppni kvenna er hafnað að svo stöddu og málið verður rætt innan hreyfingarinnar.

B: Stjórn sambandsins vísar frá athugasemdum frá SA vegna litar á borða á verðlaunapeningum sambandsins. Á þessu tímabili voru gerðar umfangsmiklar breytingar á verðlaunapeningum sambandsins. Þetta er verk í vinnslu og reikna má með smávægilegum lagfæringum á milli tímabila. Frá stofnun sambandsins hafa einkennislitir sambandsins ávallt verið fánalitir Íslands. Blátt sem aðal litur og hvítt og rautt í bland. Nú þegar ártal og lógó sambandsins er prentað í borðann, telur stjórnin fullkomlega eðlilegt að aðal litur

sambandsins sé á þessum borða. Athugasemdin fékk málefnalega umræðu en er ekki tekin til greina og er því vísað frá.

Skoðaðar voru tillögur frá Pétri Maack varðandi nýja landsliðsbúninga. Ákveðið var að óska eftir frekari útfærslum frá PM þannig að stjórnarfolk hefði betri tilfinningu fyrir ákveðnum tillögum eins og möguleika á að fara í rauðar buxur.

Ákveðið var að formannafundur skuli fara fram 9. maí næstkomandi. Boða þarf fundinn með 2 vikna fyrirvara.

Önnur mál,

Farið var yfir vinnu sem að Örn Smári Kjartansson hefur verið að vinna á Akureyri, en hann leiðir hóp áhugafólks um að fá U18kvk mót til Akureyrar í janúar 2027. Í ljósi þeirra gagna sem lögð hafa verið fram og bæði VG og KHK hafa kynnt sér var tekin ákvörðun um að sækja um að halda WW18IIB hluta heimsmeistara keppni IIHF á Akureyri. HP og VG falið að sækja um og vinna málinu stuðning innan IIHF.

VG greindi frá því að til stendur að halda æfingabúðir um miðjan maí sem hugsaðar eru fyrir leikmenn yngri landsliða karla. Landsliðsleikmenn kvenna eru að undirbúa æfingakamp fyrir yngri kvenn-leikmenn í enda maí.

Fundi slitið.